

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. Mars 2018

Efni: Tillaga til þingsályktunar um fjárfestingar í rannsóknum og þróun, 191. mál á 148. löggjafarþingi.

Umsagnaraðilinn, Icelandic Startups, hefur um árabil leitt saman frumkvöðla, fjárfesta, sérfræðinga, stjórnendur og aðra lykilaðila innan atvinnugreina með verðmætasköpun og samfélagslegan ávinning að leiðarljósi.


Í viðskiptahröðlum Icelandic Startups eru aðeins bestu verkefni valin áfram eftir vandað inntökuferli enda hefur mikil reynsla byggst þar upp við að velja og meta viðskiptaáætlanir. Það hefur gert að verkum að fyrirtæki sem farið hafa í gegnum viðskiptahraðla og Gulleggið njóta virðingar og trúverðugleika gagnvart fjárfestum og samstarfsaðilum.

Megin tilgangur Icelandic Startups er að hraða ferlinu frá viðskiptahugmynd til arðbærra viðskipta og styrkja þannig undirstöður íslensks atvinnulífs, undirstöður sem hægt er að treysta þegar á reynir.

Tækifæri til sóknar

Icelandic Startups fagnar tillögu um að leiða verði leitað til að auka hlutfall fjárfestinga í rannsóknum og þróun á Íslandi þannig að það verði hærra en 2,8% af vergri landsframleiðslu fyrir árslok 2020.

Sterk fylgni er á milli fjárfestinga í nýsköpun og hagvaxtar í þeim löndum sem hafa markað sér skýra stefnu í þessum efnum. Samkvæmt rannsóknum á fimmtán löndum innan OECD má álykta að 1% aukning í fjárfestingu í rannsóknum og þróun gefur af sér 0,61% efnahagslegan vöxt. Því meira sem fjárfest er í þessum efnum, því meiri hagvöxtur. Þrátt fyrir að Bandaríkin eyði mest allra OECD landa í rannsóknir og þróun, þá eru þau ekki að verja hlutfallslega mest af vergri landsframleiðslu, heldur um 2,8%. Suður Kórea ver hlutfallslega mest af landsframleiðslu eða 4% og þar á eftir er Japan með 3,4%. Árið 2013 var meðaltalið 2,4%. Kína og Suður Kórea hafa hlutfallslega aukið framlög til rannsókna og þróunar síðustu 10 árin og ef fram fer sem horfir, mun Kína fara fram úr Bandaríkjunum árið 2020.¹



¹ <https://www.innovationfiles.org/fueling-innovation-the-role-of-rd-in-economic-growth/>



Þau lönd sem standa fremst á þessu sviði hafa með markvissum hætti hvatt til nýsköpunar með stofnanaumgjörð og skattalegum hvötum. Það styður við þá staðreynd að nýsköpun er ein meginforsenda verðmætasköpunar og samkeppnishæfni þjóða.

Vísinda- og tækniráð hefur sett fram stefnu um að fjárfesting til rannsókna og þróunar verði 3% af vergri landsfrmaleiðslu árið 2024. Skoða þarf í samhengi hvað sú stefna þýðir í tölum. Hún þýðir að auka þarf framlag um 40 milljarða á ársgrundvelli. Miðað við vægi hins opinbera í dag, þýðir þetta aukningu um 3 milljarða á móti 22 milljarða aukningu frá innlendum einkaaðlinum og 12 milljarða aukningu frá erlendum einkaaðlum.²

Hlutfall Íslands í rannsóknum og þróun er það næst lægsta á Norðurlöndunum. Árið 2015 varði Svíþjóð 3,26% af vergri landsframléiðslu í rannsóknir og þróun, Danmörk 3,03%, Finnland 2,9%, þá Ísland með 2,19% og Noregur með 1,93%.³

Mikilvæg uppbygging til framtíðar

Icelandic Startups hefur bent á að nýsköpun fer ekki eingöngu fram meðal sprotafyrirtækja heldur á hún ekki síður við innan rótgróinna fyrirkæja. Slíkt skapar nýja þekkingu, aukin verðmæti og samkeppnisforskot á markaði. Náttúruauðlindir eru staðbundnar og í flestum tilfellum af skornum skammti á meðan hugvit og fjárfesting í mannaúdi gefur margfalt af sér og byggir upp stöðir sem nýtast um ókomna tíð. Til að tryggja þessa framþróun þarf að marka skýra stefnu, skoða hver þörfin er í mannafla og færni, fjárfesta í háskólaumhverfinu og rannsóknum þess og laða að fjárfestingu innlendra og erlendra einkaaðila með hliðhollu skattaumhverfi.

Með skýrri stefnu, skattalegum ívilnunum og breytingum á regluverki getur hið opinbera stuðlað að aukningu á fjárfestingu í rannsóknum og þróun sem mun skila sér í verðmætasköpun og auknum hagvexti. Með slíkt veganesti í farteskinu fer íslenskt atvinnulíf inn í framtíðina sterkara til að takast á við þá óvissu sem hún ber í skauti sér.

Með kveðju,

Jarprúður Ásmundsdóttir,
Viðskiptaþróun
Icelandic Startups

² Samtök iðnaðarins: Ísland í fremstu röð – eflum samkeppnishæfnina.

³ <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7997a35e-54d8-11e7-9410-005056bc4d74>